

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Glimmerskarð 14-16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 24. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, er nær til lóða við Glimmerskarð 14-16.

Í breytingunni felst að byggingarreitir breytast og eru stækkaðir. Fyrirhuguð hús verði á einni hæð í stað stöllunar. Við breytingarnar fækkar um eitt almennt stæði við götu. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Völuskarð 18.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 3. mars 2021 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 3. áfanga, er nær til lóðarinnar við Völuskarð 18.

Í breytingunni felst að skörun byggingarreita breytist lítið eitt. Hámarksbyggingarmagn á lóð verður 461 m² í stað 440 m². Gólfkótar breytast og þakkótar jafnframt innan vikmarka. Stöð- og skjólveggjum er komið fyrir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Skarðshlíð, 2. og 3. áfangi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum 23. febrúar 2021 breytingu á greinargerðum deiliskipulags vegna Skarðshlíðar, 2. og 3. áfanga.

Í breytingunni felst að skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar getur heimilað breytingar á deiliskipulagi Skarðshlíðar er varða fjölgun íbúða innan hverfisins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 4. mars 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar,

Gunnþóra Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 5. mars 2021